Berist til:

FÍN
Félag íslenskra náttúrufræðinga

FRÉTTABRÉF

28. árg. 1. tbl. **FEBRÚAR 2013**

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 27. febrúar 2013, kl: 15:00, að Borgartúni 6, í fundarsalnum Ásbrú, á 3 hæð

Fundarstjóri: Þórólfur Antonsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar, Páll Halldórsson, formaður.
2. Skýrslur nefnda, Orlofshúsanefnd, Finnur Ingimarsson.
3. Reikningar FÍN og Kjaradeilusjóðs, Ólafur Eggertsson, gjaldkeri.
4. Lagabreytingar, Ína Björg Hjálmarsdóttir, varaformaður.
5. Ákvörðun félagsgjalds, Páll Halldórsson, formaður.
6. Kosning í stjórn og nefndir, Páll Halldórsson, formaður.
7. Inntaka nýrra félaga, Heiðrún Guðmundsdóttir, ritari.
8. Önnur mál.

Reikningar félagsins

Ársreikningar félagsins og Kjaradeilusjóðs verða aðgengilegir á heimasíðu félagsins eigi síðar en 22. febrúar 2013, www.fin.is.

Fréttabréf FÍN

Skrifstofa FÍN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Fax: 595-5179
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Maríanna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Margrét Rafnsdóttir,
móttöku- og skjalafulltrúi

Útgefandi:
Félag íslenskra náttúrufræðinga

Ábyrgðamaður:
Maríanna H. Helgadóttir

Upplag:
1480 eintök

Prentun:
Umslag

Pistill formanns

Af kjarasamningum
Í síðustu samningum undirgengumst við það að samningar okkar við opinbera aðila yrðu þá aðeins lausir ef samningar ASÍ/SA losnuðu.

Forsendur þeirra samninga voru:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu des. 2010 – des. 2011 og á tímabilinu des. 2011 - des. 2012 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í des. 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
3. Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011 og að gengisvísitala íslensku krónunnar verði innan við gildið 190 í des. 2012, miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands (þröng viðskiptavog).
4. Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninginn.

Fyrsta forsendan um kaupmátt stóðst fyrir tímabilið des. 2011 til des. 2013. Verðbólguforsendan féll en verðbólga í desember var 4,2% í stað 2,5%. Sömuleiðis féll gengisforsendan þar sem gengisvísitalan í desember var að meðaltali rúmlega 227 stig í stað þeirra 190 sem samningsforsendur gerðu ráð fyrir. Að venju varð eitthvað orðaskak um 4 forsenduna, en hún skipti ekki máli því forendur samninganna voru hvort sem er brostnar.

Þrátt fyrir þetta ákváðu aðilar á almennum vinnumarkaði að segja samningum ekki upp, en gera í stað þess á þeim lítilsháttar breytingar. Meginbreytingin var sú að samningstíminn var styttur um tvo mánuði. Einnig var samið um að í næstu samningum á almennum markaði yrði útfærð hækkun um 0,1% stig í fræðslusjóði.

Samkvæmt samningum okkar við ríkið átti að gera sambærilegar breytingar á þeim samningi og gerðar yrðu á almennum markaði, væru þær breytingar til bóta. Í samræmi við þetta var samningstíminn styttur um tvo mánuði þannig að samningur FÍN og ríkisins rennur út 31. janúar 2014 í stað 31. mars 2014. Einnig var 38 þúsund króna eingreiðslu sem greiða átti 1. mars 2014 flýtt til 1. janúar 2014. Sambærilegt ákvæði var sett inn um sjóðaframlag og samið var um á almennum markaði og einnig að flýtt yrði vinnu við bókanir úr síðustu samningum.

Endurskoðunarákvæði í samningum okkar við sveitarfélög og Reykjavíkurborg voru ekki eins afgerandi, en þegar hefur verið samið við sveitarfélögin um tveggja mánaða styttingu og líkur á að sama gerist gagnvart borginni. Í þessum samningum var engin eingreiðsla sem hægt er að flýta.

Stofnanasamningar
Í kjölfar hrunsins gerðist lítið í stofnanasamningum og voru árin 2009, 2010 og 2011 aðgerðalítil í þessum efnum. Á árinu 2012 fóru viðræður í gang á mörgum stofnunum og nú hefur þegar verið gengið frá nýjum stofnanasamningum við Hafrannsóknarstofnunina, Náttúrufræðistofnun og Skipulagsstofnun. Á mörgum stofnunum eru viðræður í gangi en mislangt komnar.

Ljóst er að launaþróun hefur verið mjög misjöfn á stofnunum ríkisins. Sé litið til heildarinnar hefur launaskrið sem byggir á stofnanasamningum tryggt hækkanir umfram það sem um hefur samist í miðlægum samningum, eins og meðfylgjandi mynd sýnir:

Þannig héldu launahækkanir og launaskrið í við verðbólgu á árinu 2012, sé horft til meðaltalsins í félaginu. Sé litið til einstakra stofnana blasir við fjölbreytt mynd og á mörgum þeirra sem liggja undir þessu meðaltali hefur átt sér stað samfelld kaupmáttarrýrnun frá hruni. Staðan á Landspítalanum er þar mest áberandi en 2007 voru dagvinnulaun þar 7,4% undir meðaltali félagsins en voru um mitt ár 2012 orðin 13,2% undir meðaltali félagsins. Ljóst er að þar er þörf á verulegu átaki í launamálum ef spítalinn ætlar áfram að hafa náttúrfræðinga í þjónustu sinni.

Hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum hefur lítil sem engin hreyfing verið í launamálum afleiðingin er að kaupmáttur hefur haldið áfram að rýrna þar sem samningsbundnar hækkanir halda ekki í við verðbólgu.

Næstu samningar

Verkefni næstu samninga verður að auka kaupmátt. Á þessu ári eru liðin 5 ár frá hruni en í kjölfar þess hrundi kaupmáttur verulega. Víða hefur þjónustu verið haldið uppi á kostnað launa. Þessu verður að linna og hlýtur kröfugerð við næstu samninga að taka mið af því.

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Tillögur að stjórn og nefndum 2013-2014

Stjórn

Tilnefning til 2 ára:

Varaformaður FÍN:
Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Fulltrúi trúnaðarmanna:
Kosinn af trúnaðarmönnum FÍN á fyrsta fundi trúnaðarmanna eftir aðalfund:
Núverandi fulltrúi:Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn:
Guðmundur Jóhannesson, Búnaðarsambandi Suðurlands
Þóroddur Fr. Þóroddsson, Skipulagsstofnun
Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis
Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum
Þorsteinn Narfason, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis
Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins
Stefanía Bjarnarson, Landspítala - Ónæmisfræðideild
Erla Hrönn Geirsdóttir, Roche Nimblegen

Sitja frá fyrra ári:

Formaður FÍN:
Páll Halldórsson, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Formaður ráðgjafarnefndar:
Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórn:
Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg
Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR
Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg
Guðmundur Víðir Helgason, Líffræðistofnun HÍ
Louise le Roux, Íslenskri erfðagreiningu
Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnuninni
Kristín Hermannsdóttir, Veðurstofu Íslands
Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Stjórn Kjaradeilusjóðs

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:
Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka
Þuríður Pétursdóttir

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður:
Guðmundur Guðjónsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, *formaður*

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja*:

Aðalmenn:
Formaður FÍN
Gjaldkeri FÍN

Varamenn:
Varaformaður FÍN
Ritari FÍN

*** Skipað er í ofangreind embætti á fyrsta á stjórnarfundi FÍN eftir aðalfund.**

Skoðunarmenn reikninga

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður:
Friðþjófur Árnason, Veiðimálastofnun
Varamaður:
Járngerður Grétarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands

Sitja frá fyrra ári:
Aðalmenn:
Einar Torfason, Landspítala - Veirudeild
Varamaður:
Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka

Siðanefnd

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:
Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi
Jóna Freysdóttir, Landspítala
Varamaður:
Ægir Þór Þórsson, Bændasamtökum Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg
Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, *formaður*
Steinunn Jakobsdóttir, Veðurstofu Íslands

Orlofshúsanefnd

Tilnefning til 2 ára:
Tillögur um fulltrúa í stjórn Orlofshúsanefndar verða lagaðar fram á fundinum.

Sitja frá fyrra ári:*
Einar Jónsson, Hafrannsóknarstofnuninni
Finnur Ingimarsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Einnig situr í orlofshúsanefnd fulltrúi stjórnar*
Tekið fyrir á fyrsta stjórnarfundi FÍN eftir aðalfund.

Stjórnskipaðar nefndir

Stjórn félagsins mun á stjórnarfundi skipa í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu. Birt verður í næsta fréttabréfi hverjir hafa verið skipaðir til þeirra starfa. Listi þessi verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.fin.is og verður uppfærður þegar nær dregur.

Orlofshús sumarið 2013

Skógarkot í Borgarfirði

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtungu í Þverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi.

Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur. Í húsinu er 2 svefnherbergi á jarðhæð með tvíbreiðu rúmi annarsvegar og venjulegu rúmi (ein og hálf breidd) hinsvegar. Á efri hæð eru tvö svefnloft auk herbergis með samtal 8 rúmum (4+3+1). Auk þess eru í húsinu eitthvað af aukadýnum, samanbrotið barnarúm og barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og sturta, geymsla og bakinngangur. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 12 manns. Sængur og koddar eru fyrir 12 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Í bústaðnum er sjónvarp ásamt DVD spilara og útvarp með geislaspilara. Gasgrill er á staðnum, góð verönd ásamt heitum potti.

Vikuleiga í sumar er kr. 29.000

Fullsæll í Biskupstungum

Fullsæll er lítið sumarhús landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar án svefnlofts.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með sófa sem hægt er að draga út í tvíbreitt rúm og eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Útvarp og sjóvarp er á staðnum og einnig gasgrill.

Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið án sérstaks leyfis í hvert sinn og er veiðigjaldið innifalið í húsaleigu. Stór verönd er við húsið ásamt heitum potti og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn.

Vikuleiga í sumar er kr. 21.000

UMSÓKN UM ORLOFSHÚS FÍN 2013

Nafn:	
Heimili:	***Póstnúmer:***
Kennitala:	***Heimasími:***
Vinnustaður:	***Sími:*** ***Netfang:***
Hve oft úthlutað áður yfir sumartíma:	***Prófaldur:*** ***(BSc útskriftarár)***

PÁSKAR 2013

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 1. mars 2013.

Skógarkot	
	27.mars - 3.apríl

Fullsæll	
	27.mars -3. apríl

SUMAR 2013

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 15. apríl 2013

Skógarkot		Fullsæll		Flókalundur		Blöndalsbúð	
	31.maí-7.júní		31.maí-7.júní.				
	07.06.-14.06.		07.06.-14.06.				
	14.06.-21.06.		14.06.-21.06.				
	21.06.-28.06.				21.06.-28.júní		
	28.06.-5.júlí.				28.06.-5.júlí		
	05.07.-12.07.				05.07.-12.07.		5.07.-12.júlí
	12.07.-19.07.				12.07.-19.07.		12.07.-19.07
	19.07.-26.07.				19.07.-26.07.		19.07.-26.07.
	26.07.-2.ágúst				26.07.-2.ágúst		26.07.-2.ágúst
	02.08.-9.08.				02.08.-9.08		2.08.-9.08
	9.08.-16.08.		9.08.-16.08.				
	16.08.-23.08.		16.08.-23.08.				
	23.08.-30.08		23.08.-30.08.				

Vikuleiga:

Skógarkot kr. 29.000.- Fullsæll kr. 21.000.- Flókalundur kr. 21.000.- Blöndalsbúð kr. 33.000.-

Merktu 1, 2, 3 o.s.frv. (ekki X) við alla valkosti sem möguleiki er á að nýta, þannig að 1 er besti valkostur. Við mælum með að þið merkið við fleiri en einn kost til að auka líkur á úthlutun.

Miðað er við að umsóknir berist skrifstofu FÍN, Borgartúni 6, 105 Reykjavík. Eins má senda umsóknir með faxi: 595 5179 eða í tölvupósti á netfangið fin@bhm.is .

Flókalundur á Barðaströnd

Orlofsbyggðin í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd er friðlýst svæði og rómað fyrir náttúrufegurð. Í orlofsbyggðinni Flókalundi er sundlaug ásamt heitum potti og krakkapotti.

Húsið skiptist í forstofu, stofu, baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, hjónaherbergi og barnaherbergi með svefnstæðum fyrir þrjá. Barnarúm er hægt að fá hjá umsónarmanni sem staðsettur er í húsi hjá sundlauginni, en þangað er 15 mín. akstur frá húsinu.
Almennur búnaður er fyrir 6-8 manns og sængur fyrir sex. Eldavél er með 2 hellum og bakaraofni. Þarna er einnig örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp. Dvalargestir þurfa að koma með lín, handklæði og viskustykki með sér. Kolagrill er á staðnum.

Vikuleiga er kr. 21.000

Blöndalsbúð á Héraði

Blöndalsbúð er rúmgott hús í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði. Húsið er ekki langt frá Einarsstöðum um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað.

Húsið rúmar tvær samrýmdar fjölskyldur en hjónaherbergi er þó aðeins eitt öðrumegin á svefnlofti. Þar er hjónarúm og auk þess má bæta við dýnu á gólfi. Önnur gistiaðstaða eru 5-8 dýnur á hinum hluta svefnloftsins. Sængur og koddar fylgja með en gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Rúmgóður útipallur og grasflöt er við húsið og skógur með göngustígum innan um birki og greni. Í húsinu er ekki sjónvarp en þar er útvarp með geislaspilara. Kolagrill er á staðnum.

Vikuleiga er kr . 33.000

Lagabreytingar

Tillaga að breytingu á lögum Félags íslenskra náttúrufræðinga

3. gr. Var:

Félagsmenn geta orðið: a) þeir sem hafa lokið a.m.k. BS-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum eða öðrum greinum raunvísinda frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum, b) þeir sem hafa lokapróf frá háskóla í arkitektúr sem Arkitektafélag Íslands tekur gilt, c) aukaaðild geta öðlast námsmenn í raungreinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna, faglegra starfa. Enn fremur þeir námsmenn sem lokið hafa a.m.k. einu ári í námi skilgreindu í lið b). Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

3. gr. Verður:

Félagsmenn geta orðið: a) þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum, b) aukaaðild geta öðlast námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

4. gr. Var:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórnin getur veitt bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og setur aðalfundur nefndinni matsreglur. Geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar. Í undantekningartilvikum er stjórn, að fenginni umsögn menntanefndar, heimilt að víkja frá skilyrðum a)-liðar 3. gr. um BS-próf, enda hafi umsækjandi langa og krefjandi fagreynslu á sviði náttúrufræða. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta aðalfund til endanlegrar afgreiðslu.

4. gr. Verður:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórnin getur veitt bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og setur aðalfundur nefndinni matsreglur. Geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar. Í undantekningartilvikum er stjórn, að fenginni umsögn menntanefndar, heimilt að víkja frá skilyrðum a)-liðar 3. gr. um Bachelor-próf, enda hafi umsækjandi langa og krefjandi fagreynslu á sviði náttúrufræða, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta aðalfund til endanlegrar afgreiðslu.

5. gr. Var:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunarmanna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.

5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning orlofshúsanefndar.
9. Kosning siðanefndar.
10. Afgreiðsla umsókna um aðild að félaginu.
11. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

5. gr. Verður:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Afgreiðsla umsókna um aðild að félaginu.
10. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

6. gr. Var:

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður, formaður ráðgjafarnefndar og 16 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins, formaður ráðgjafarnefndar og átta meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftar en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið. Stjórn félagsins kýs ritara og gjaldkera úr hópi meðstjórnenda.

Nefnd skipuð ritara og gjaldkera stjórnar og formanni kjaradeilusjóðs skal koma saman árlega, eigi síðar en sex vikum eftir aðalfund, og gera tillögu til stjórnar um starfskjör formanns félagsins til samþykktar eða synjunar.

6. gr. Verður:

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður, formaður ráðgjafarnefndar og 16 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins, formaður ráðgjafarnefndar og átta meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftar en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Stjórn félagsins kýs ritara og gjaldkera úr hópi meðstjórnenda.

7. gr. Var:

Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess og fer með gerð kjarasamninga fyrir þess hönd.

Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess.

Stjórn félagsins skal beita sér fyrir að trúnaðarmenn séu kjörnir á vinnustöðum félagsmanna og boða þá á fund einu sinni á ári og oftar ef þörf krefur. Stjórnin tilnefnir umsjónarmenn þeirra. Þegar fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn hefur setið í tvö ár skal fundur trúnaðarmanna haldinn innan mánaðar frá aðalfundi til að velja fulltrúa þeirra í stjórn. Hætti hann sem trúnaðarmaður skal nýr fulltrúi valinn á fundi trúnaðarmanna til loka tímabilsins.

Stjórn félagsins og trúnaðarmenn mynda samráðsnefnd. Skal hún kvödd saman til ráðuneytis um allar meiri háttar ákvarðanir um kjaramál verði því ekki við komið að kalla saman félagsfund.

Ráðgjafarnefnd er stjórn félagsins til ráðgjafar og samráðs. Formaður ráðgjafarnefndar er kosinn á aðalfundi og situr í stjórn félagsins. Formaður félagsins og formaður ráðgjafarnefndar skulu í sameiningu tilnefna a.m.k. tvo fulltrúa til setu í nefndinni til tveggja ára í senn. Í nefndinni skulu sitja félagsmenn sem hafa mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Samstarfsnefndir starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga félagsins og taka á ágreiningsefnum við túlkun kjarasamninga svo og endurskoðun þeirra. Formaður félagsins skipar fulltrúa þess í nefndirnar.

7. gr. Verður:

Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess og fer með gerð kjarasamninga fyrir þess hönd.

Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launakjör framkvæmdastjóra og formanns.

Stjórn félagsins skal beita sér fyrir að trúnaðarmenn séu kjörnir á vinnustöðum félagsmanna og boða þá á fund einu sinni á ári og oftar ef þörf krefur. Stjórnin tilnefnir umsjónarmenn þeirra. Þegar fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn hefur setið í tvö ár skal fundur trúnaðarmanna haldinn innan mánaðar frá aðalfundi til að velja fulltrúa þeirra í stjórn. Hætti hann sem trúnaðarmaður skal nýr fulltrúi valinn á fundi trúnaðarmanna til loka tímabilsins.

Stjórn félagsins og trúnaðarmenn mynda samráðsnefnd. Skal hún kvödd saman til ráðuneytis um allar meiri háttar ákvarðanir um kjaramál verði því ekki við komið að kalla saman félagsfund.

Ráðgjafarnefnd er stjórn félagsins til ráðgjafar og samráðs. Formaður ráðgjafarnefndar er kosinn á aðalfundi og situr í stjórn félagsins. Formaður félagsins og formaður ráðgjafarnefndar skulu í sameiningu tilnefna a.m.k. tvo fulltrúa til setu í nefndinni til tveggja ára í senn. Í nefndinni skulu sitja félagsmenn sem hafa mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Samstarfsnefndir starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga félagsins og taka á ágreiningsefnum við túlkun kjarasamninga svo og endurskoðun þeirra. Formaður félagsins skipar fulltrúa þess í nefndirnar.

11. gr. Var:

Orlofshúsanefnd starfar á vegum félagsins. Reglugerð um orlofshús verður aðeins breytt á aðalfundi.

11. gr. Verður felld út.

12. gr. Verður 11 gr.

13. gr. Var:

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna BHM. Þá skipar stjórnin fulltrúa og varafulltrúa í miðstjórn BHM í samræmi við gildandi lög þess.

13. gr. Verður 12. gr. Og verður:

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður, og varaformaður í forföllum hans, sitja í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess.

14. gr. Verður 13 gr.

15. gr. Verður 14 gr.

16. gr. Verður 15 gr.

17. gr. Var:

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og taka gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst félagsstjórn. Úrsögn skal þó ekki taka gildi ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá vinnuveitanda viðkomandi félagsmanns eða á meðan á vinnustöðvun stendur.

17. gr. Verður 16. gr. Og verður:

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og taka gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst félaginu. Úrsögn skal þó ekki taka gildi ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá vinnuveitanda viðkomandi félagsmanns eða á meðan á vinnustöðvun stendur.

18. gr. Var:

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á lögmætum aðalfundi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. janúar. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði.

18. gr. Verður 17. gr. Og verður:

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á lögmætum aðalfundi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði.

19. gr. Var:

Lög þessi öðlast gildi 15. febrúar 2011. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

19. gr. Verður 18. gr. Og verður:

Lög þessi öðlast gildi 27. febrúar 2013. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Greinargerð stjórnar FÍN með tillögu um breytingu á lögum FÍN á aðalfundi þann 27. febrúar 2013:

3. grein.

Menntun eða menntunarmöguleikar hafa tekið miklum breytingum. Félagið hefur staðið frammi fyrir því að samsetning menntunar umsækjanda falli ekki að lögum félagsins þrátt fyrir að það sé á sviði náttúrufræða, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum. Samkvæmt lögum geta eingöngu þeir sem eru með BS próf fengið aðild en ekki BA próf. Arkitektar þurfa að hafa lokaprófi (mastersgráðu) sem Arkitektafélagi Íslands tekur gilt til að fá aðild að félaginu. Því er jafnræðis ekki gætt í lögum félagsins m.t.t. lengd háskólamenntunar. Því er gerð sú breyting á lögunum nú að umsækjandi þurfi að hafa Bachelor-próf í náttúrufræði, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum. Einnig er liður b) felldur út. Bætt er við efstu málsgreinina, arkitektúr, á eftir orðinu náttúrufræðum. Með þessari breytingu að b)liður falli út þarf verður C)liður að b) lið.

4. grein.

Orðinu BS-próf er skipt út fyrir Bachelor-próf til samræmis við breytingu í 3. grein.

5. grein.

Gerð er tillaga um breytingu á tímasetningu aðalfundar. Lagt er til að aðalfund skuli halda eigi síðar en í mars ár hvert. Aðalfundur BHM skal halda eigi síðar en í maí ár hvert.

Einnig er lögð fram sú tillaga að orlofshúsanefnd FÍN verði lögð niður og að framkvæmdastjórn taki við hlutverki hennar.

6. grein.

Lagt til að nefnd sem fjallar um launakjör formanns verði lögð niður.

7. grein.

Lagt er til að framkvæmdastjórn félagsins verði falið að ákvarða launakjör formanns og framkvæmdastjóra.

11. grein.

Lagt er til að 11. grein verði felld út, en eins og fram hefur komið í 5. grein er lagt til að orlofshúsanefnd FÍN verði lögð niður.

13. grein verður 12. grein.

Lagt er til að greininni verði breytt í samræmi við breytingar á lögum BHM þar sem miðstjórn hefur verið lögð niður og formannaráð hefur verið sett á stofn.

18. grein verður 17. grein.

Lagt er til að fyrstu málsgrein verði breytt þannig að orðið félagsstjórn verði fellt út og í staðinn komi orðið félaginu.

19. grein verður 18. grein.

Lagt er til að dagsetningu þessari verði breytt í samræmi við ákvörðun aðalfundar úr 15. febrúar 2011 í 27. febrúar 2013.

Ákvörðun félagsgjalds

Stjórn FÍN leggur fram tillögu um breytingu á félagsgjöldum félagsmanna. Félagsgjald félagsmanna til félagsins verði þannig:

- hjá þeim sem starfa hjá hinu opinbera, þ.e. ríkinu, sveitarfélögum og Reykjavíkurborg og hjá þeim sem heyra undir kjarasamninga sem byggja á ríkissamningi 1,1% af dagvinnulaunum.
- hjá þeim sem starfa á almennum markaði, þ.e. utan opinbera geirans 0,7% af heildarlaunum.

Einnig leggur stjórn FÍN fram þá tillögu til umræðu að hætta greiðslum (0,1%) í kjaradeilusjóð FÍN sem myndi þýða að félagsgjald á opinberum markaði yrði 1% af dagvinnulaunum að undangenginni ofangreindri breytingu.

Atvinnulausir félagsmenn—Athugið!

Atvinnulausir félagsmenn geta fengið styrk frá félaginu, allt að 100 þúsund krónur á hverjum 6 mánuðum, vegna námskeiða, greinaskrifa eða annarra verka Einnig geta atvinnulausir félagsmenn sem hafa verið atvinnulausir í um 12 mánuði fengið aðstoð hjá Líf og Sál við að gera ferilskrá, kynningarbréf og fengið aðstoð við að koma sér á framfæri og fara í viðtöl. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér úrræðin sem í boði eru á heimasíðu FÍN: http://www.bhm.is/fin/atvinnuleysi/ og að panta viðtalstíma hjá framkvæmdastjóra eða formanni í síma 595-5175 eða senda tölvupóst á netfangið fin@bhm.is til að kynna sér hvað er í boði fyrir þá hjá félaginu.

Sjúkra– og styrktarsjóður BHM—Breyttar reglur!

Við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér reglur Sjúkra– og Styrktarsjóðs BHM en þeim hefur verið breytt frá 1. janúar 2013, bæði reglum sjóðanna og einstökum fjárhæðum styrkja. Reglur sjóðanna eru aðgengilega á heimasíðu BHM: http://www.bhm.is/sjodir/.

Páska– og sumarútleiga 2013 í sumarhúshúm FÍN

Þeir sem óska eftir að leiga sumarhús FÍN um páskana eru vinsamlegast beðnir um að sækja um fyrir **1. mars** með því að fylla út eyðublað sem fylgir fréttabréfinu.

Þeir sem óska eftir að leiga sumarhús FÍN í sumar þurfa að skila inn umsóknum eigi síðar en fyrir **15. apríl 2013.**

Úthlutað verður samkvæmt reglum félagsins sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Umsóknareyðublaðið er í miðju fréttabréfsins.

Gleðilega páska